



13. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 15. september 2000

Dagskrá:

1. Væntanlegar samningaviðræður
2. Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ
3. Orlofsmál
4. Þing ASÍ
5. Styrkir
6. Breytingar á reglugerð Styrktarsjóðs
7. Minnisvarði við Mývatn
8. Önnur mál.

Fundur settur kl. 14:00

1. Samningaviðræður

Samningaviðræður við RARIK eru að sigla af stað. Hugmyndir RSÍ voru kynntar á fyrsta fundi 14. september. Viðbrögð urðu lítil sem engin.

Ísal. Tveir undirbúningsfundir hafa verið haldnir og hafa iðnaðarmenn ákveðið að halda sig sér. Útfært hefur verið nýtt launakerfi til kynningar. Í Steinullarverksmiðjunni er svipuð staða.

Járblendid er í upplausn vegna veikrar stöðu verksmiðjunnar.

Landsvirkjun. Á Búrfells- og Tungnársvæði eru uppi hugmyndir um nýjan samning fyrir menn sem starfa í virkjunum.

Landsíminn. Þar er verið að mynda trúnaðarmannahópa til að móta kröfur og velja samninganefnd.

Kynntur var úrskurður kaupskrárnefndar varnarsvæða.

2. Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ.

Kynnt drög að dagskrá fyrir trúnaðarmannaráðstefnu sem halda á 20. til 22. október.

3. Orlofsmál.

Lagðar fram hugmyndir að breytingu og lagfæringum við Apavatn.

Frá orlofsnefnd kom fram að útleiga hafi gengið mjög vel í sumar og reksturinn gengið vel.

Nú í haust þarf að setja í gang lagfæringar við húsin í Skorradal, endurnýja palla, laga þak og sitthvað fleirra.

Ákveðið að draga að setja Snæfoksstaði í sölu.

Hugmyndir um að auka fjölbreytni t.d. kaupa hús á Spáni o.fl.

Ölfusborgir. Pottar eru komnir í gang við húsin en einhver vandræði hafa verið með þrýsting á vatninu.

4. ASÍ fulltrúakjör

Menn voru minntir á að huga þarf að fulltrúakjöri fyrir næsta ASÍ þing.

5. Styrkir

Fræðsluskrifstofa rafiðna hefur áhuga á að senda fulltrúa til að skoða framkvæmd sveinsprófa í Danmörku nú í haust. Óskað var eftir styrk fyrir starfsmenn til fararinnar, samþykkt.

6. Breytingar á reglugerð styrktarsjóðs

Tillaga um að styrktarsjóður styrki lýtalækningaaðgerð. Málinu vísað til vinnunefndar styrktarsjóðs.

7. Minnisvarði við Mývatn

Hugmyndir hafa verið í gangi um að setja upp minnisvarða við Mývatn þar sem tveir félagar okkar fórust í vetur. Samþykkt að standa með í því verði hún framkvæmd.

8. Önnur mál

Kynntur tilboð vegna hópslysatrygginga LOYD's, tilboðið var ekki sérlega áhugavert. Þar sem enn er ekki búið að slá Alþýðutryggingu af var ákveðið að skoða málið síðar. Boð kom frá Finnska rafiðnaðarsambandinu um að senda tvo menn á næsta sambandsstjórnarfund. Samþykkt að þyggja boðið.

Fundi slitið kl. 16:30 Haukur Ágústsson